

Ár 2017, fimmtudaginn 14. desember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur, Jakobi R. Möller, Óskari Bergssyni og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör dómara við Landsrétt

I.

Ný lög um kjararáð nr. 130/2016 tóku gildi 1. júlí 2017 og leystu af hólmi lög um kjararáð nr. 47/2006. Í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða með lögum nr. 130/2016 segir að málum sem tekin hafa verið til meðferðar við gildistöku laganna skuli lokið samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/2006.

Samkvæmt 1. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 er verkefni kjararáðs meðal annars að ákveða laun dómara. Samkvæmt 3. gr. sömu laga ákveður fullskipað kjararáð laun hæstaréttardómara og héraðsdómara. Landsréttur tekur til starfa 1. janúar 2018 og eru dómara við embættið skipaðir frá sama tíma, nema forseti réttarins sem skipaður var 1. ágúst 2017. Mál það sem hér er fjallað um var tekið til meðferðar fyrir 1. júlí 2017 og fer því um málið samkvæmt lögum nr. 47/2006.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 5. apríl 2017 frá innanríkisráðuneytinu þar sem þess var óskað að kjararáð taki ákvörðun um laun og starfskjör dómara við Landsrétt. Í bréfinu kemur fram að nýr dómstóll, Landsréttur, taki til starfa 1. janúar 2018 þegar ný lög um dómstóla nr. 50/2016 taki gildi. Landsréttur sé áfrýjunardómstóll og reglur um málsmeðferð fyrir Landsrétti og málsskotsheimildir séu samskonar og þær sem í dag gildi um málsmeðferð og málskot til Hæstaréttar. Einnig segir í bréfinu að 15 dómara muni starfa við Landsrétt.

Með bréfum dagsettum 11. apríl 2017 var fjármála- og efnahagsráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna málsins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006. Jafnframt var Dómarafélagi Íslands, með bréfi dagsettu sama dag, gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið.

Dómarafélag Íslands sendi kjararáði bréf dagsett 12. maí 2017. Í bréfinu er áréttað að við ákvörðun um laun dómara verði litið til þess að dómara séu hluti af æðstu stjórn ríkisins og að launakjör þeirra eigi að endurspeglja þá stöðu og ábyrgð. Þá segir að mikilvægt sé að líta til þess að Landsréttur sé nýtt dómstig er verði áfrýjunardómstóll. Almenn hæfisskilyrði landsréttardómara séu sambærileg því sem gildi um hæstaréttardómara og beri að hafa það til hliðsjónar við ákvörðun launa þeirra. Í bréfinu leggur félagið áherslu á að ákvörðun kjararáðs endurspegli heildarlaun og taki tillit til þess að í nýjum lögum um dómstóla sé enn minnkað svigrúm dómara til að taka að sér hvers konar aukastörf. Þá telur félagið mikilvægt að í úrskurði kjararáðs verði einnig kveðið á um önnur starfskjör, þar með talið rétt dómara til leyfis til endurmenntunar, eins og gert sé í úrskurði ráðsins um laun dómara frá 17. desember 2015.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 2. október 2017. Í bréfinu segir að Landsréttur sé nýtt dómstig milli héraðsdóms og Hæstaréttar. Telur ráðuneytið eðlilegt að ákvörðun launa og starfskjara landsréttardómara taki mið af því.

Með bréfum dagsettum 18. október 2017 var dómurum við Landsrétt gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið. Jafnframt fengu dómara send framangreind bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis og Dómarafélags Íslands til kynningar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Forseti Landsréttar sendi kjararáði bréf dagsett 27. október 2017. Í bréfinu kemur fram að Landsréttur taki til starfa 1. janúar 2018 þegar ný lög um dómstóla nr. 50/2016 taki gildi. Á

sama tíma taki gildi lög nr. 49/2016, um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála, sem og lög nr. 117/2016, um breytingu á ýmsum lögum vegna stofnunar millidómstigs. Samkvæmt þeim flytjist öll dómstörf Hæstaréttar til Landsréttar. Hann muni fá til meðferðar í það minnsta jafnmörg mál og Hæstiréttur fær nú. Breytingar á réttarfarslögum leiði hins vegar til þess að meðferð mála fyrir Landsrétti verði flóknari og tímafrekari en verið hafi í Hæstarétti. Málsmeðferðin þyngist vegna þess að endurtaka þurfi sönnunarfærslu í samræmi við það markmið lagabreytinganna að sönnunarfærslan sé milliliðalaus. Þar við bætist að samning dóma verði umfangsmeiri og tímafrekari í Landsrétti. Í bréfinu segir jafnframt að ætla megi að vinnuálag á dómara Landsréttar verði talsvert meira en verið hafi í Hæstarétti þrátt fyrir að dómaramenn verði þremur fleiri. Vegna áðurgreindra breytinga á réttarfarslögum verði Landsréttur endanlegt dómstig í meira en 90% þeirra mála sem verði áfrýjað frá héraðsdómstólunum. Hann muni því hafa verulegt réttarskapandi hlutverk í mörgum málaflokkum og mikil ábyrgð hvíla á dómurum hans. Í bréfinu segir einnig að með því að nýjum dómurum við Landsrétt verði fengið það starf sem dómaramenn Hæstaréttar gegni nú telji þeir einsýnt að ákveða verði laun þeirra í samræmi við laun og kjör hæstaréttardómara. Við ákvörðunina beri einnig að horfa til þess að dómaramenn Landsréttar njóti ekki að óbreyttum lögum sömu eftirlaunakjara og dómaramenn Hæstaréttar. Engu að síður séu hæfisskilyrði landsréttardómara þau sömu og hæstaréttardómara. Loks segir í bréfinu að engin rök standi til þess að ákveða laun dómara Landsréttar lægri en laun dómara Hæstaréttar. Í bréfi forseta Landsréttar er að endingu tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í bréfi Dómarafélags Íslands að mikilvægt sé að ákvörðun launa endurspegli heildarlaun sem og að taka beri tillit til þess að í nýjum lögum um dómstóla sé svigrúm dómara til að taka að sér hvers konar aukastörf enn minna en áður.

Kjararáð sendi Landsrétti bréf dagsett 13. nóvember 2017 og óskaði eftir nánari upplýsingum um starfsemi réttarins, svo sem um fjölda mála og dóma. Í svari forseta Landsréttar dagsettu 21. nóvember 2017 er gerð grein fyrir áætlun Landsréttar um fjölda mála og fjölda dóma ár hvert og er þar byggt á fjölda mála í Hæstarétti síðastliðin ár, sem og áætlun um skiptingu málanna annars vegar í einka- og sakamál og hins vegar í áfrýjunar- og kærsmål. Í svari forseta Landsréttar kemur einnig fram að heimildir til að áfrýja dómum héraðsdómstólanna og kæra úrskurði þeirra til Landsréttar verði þær sömu og nú gildi um heimildir til að áfrýja og kæra úrlausnir þeirra til Hæstaréttar. Einnig kemur fram í svarinu að gert sé ráð fyrir að munnleg sönnunarfærsla fari fram fyrir réttinum í um það bil helmingi áfrýjaðra sakamála en aðeins í um fjórðungi einkamála.

Forseti Landsréttar og varaforseti komu á fund kjararáðs 30. nóvember 2017 og gerðu grein fyrir sjónarmiðum dómara við Landsrétt.

III.

Ný lög um dómstóla nr. 50/2016 taka gildi 1. janúar 2018. Við gildistöku laganna tekur til starfa nýtt millidómstig, Landsréttur, sem tekur til landsins alls. Samhliða taka gildi lög nr. 49/2016, um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála, og lög nr. 117/2016, um breytingu á ýmsum lögum vegna stofnunar millidómstigs. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að nefndum lögum um dómstóla kemur fram að frumvörpunum sé í sameiningu ætlað að leggja grunn að nýrri dómstólaskipan með þriggja þrepa dómsskerfi og nýjum málsmeðferðarreglum sem taki mið af hinni nýju skipan. Einnig kemur fram að eitt meginmarkmið upptöku millidómstigs sé að tryggja að íslensk réttarfarslöggjöf uppfylli skilyrði 1. mgr. 70 gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um milliliðalaus sönnunarfærslu sem telst liður í réttlátri málsmeðferð. Upptöku millidómstigs sé jafnframt ætlað að létta álagi af Hæstarétti og tryggja að honum sé betur fært að sinna hlutverki sínu sem fordæmisgefandi dómstóll. Loks kemur fram í nefndu frumvarpi að það sé markmið frumvarpanna að stuðla að vandaðri og trúverðugri málsmeðferð í málum þar sem reyni á sérfræðileg atriði.

Samkvæmt lögum um dómstóla er Hæstiréttur Íslands æðsti dómstóll ríkisins, Landsréttur áfrýjunardómstóll og dómstólar í héraði átta talsins.

Í Landsrétti eiga sæti 15 dómara sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tillögu ráðherra. Þann einn má skipa í embætti landsréttardómara sem hefur náð 35 ára aldri, er íslenskur ríkisborgari og er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu. Landsréttardómari má hvorki hafa gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómara verða almennt að njóta. Hann þarf að hafa lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraþrófi í lögum, hafa starfað í minnst þrjú ár sem landsréttardómari, héraðsdómari, hæstaréttarlögmaður, prófessor eða dósent í lögum, lögreglustjóri, sýslumaður, saksóknari, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri í ráðuneyti því sem fer með málefni dómstóla og réttarfars eða umboðsmaður Alþingis eða hefur um jafnlangan tíma gegnt öðru líku starfi sem veitir hliðstæða lögfræðilega reynslu. Þá þarf landsréttardómari að teljast hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar. Í embætti landsréttardómara má ekki skipa þann sem er eða hefur verið í hjúskap við dómara sem þar er skipaður fyrir eða skyldur slíkum dómara eða mægður að feðgatali, niðjatali eða öðrum lið til hliðar.

Dómsmálaráðherra skipar fimm aðalmenn og jafnmarga varamenn í dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara, landsréttardómara og héraðsdómara. Einn nefndarmanna skal tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður nefndarinnar. Einn nefndarmanna skal tilnefndur af Landsrétti, Dómstólasýslan tilnefnir þriðja nefndarmanninn og skal hann ekki vera starfandi dómari, Lögmannafélag Íslands þann fjórða og fimmti nefndarmaðurinn skal kosinn af Alþingi. Skipunartími í nefndina er fimm ár en þó þannig að hvert ár renni út skipunartími eins nefndarmanns. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oft en tvisvar samfleytt. Dómnefnd skal láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna. Að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um störf nefndarinnar. Óheimilt er að skipa í dómaraembætti mann sem dómnefnd hefur ekki talið hæfastan meðal umsækjenda, hvort heldur einn eða samhliða öðrum. Frá þessu má þó víkja ef Alþingi samþykkir tillögu ráðherra um heimild til að skipa í embættið annan nafngreindan umsækjanda sem fullnægir að mati dómnefndar öllum skilyrðum. Ráðherra skal þá leggja slíka tillögu fyrir Alþingi innan tveggja vikna frá því að umsögn dómnefndar er afhent honum eða innan þess tíma frá því að Alþingi kemur næst saman eftir að umsögn er fengin og verður tillaga að vera samþykkt innan mánaðar frá því hún er lögð fram, ella er ráðherra bundinn af umsögn dómnefndar.

Landsréttardómara kjósa sér forseta til fimm ára í senn og varaforseta til sama tíma. Varaforseti gegnir störfum forseta þegar hann hefur forföll eða er fjarstaddur. Biðjist forseti eða varaforseti lausnar frá því starfi eða láti hann af dómaraembætti áður en kjörtímabili er lokið skulu dómara kjósa annan í hans stað til loka þess. Landsréttur tilkynnir um kjör forseta og varaforseta með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

Forseti fer með yfirstjórn Landsréttar og ber ábyrgð á rekstri hans og fjárreiðum með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum laga. Forseti stýrir meðal annars þeirri starfsemi Landsréttar sem er ekki hluti af meðferð máls fyrir dómi og skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna. Honum ber að fylgjast með störfum dómara og annarra starfsmanna. Hann annast samskipti við dómstólasýsluna um þau málefni sem undir hana heyra og hefur annars með höndum verkefni sem dómstólasýslan kann að fela honum sérstaklega. Þá kemur forseti að öðru leyti fram út á við í þágu dómstólsins og er í fyrirsvari um sérstök málefni hans.

Þrír dómara við Landsrétt taka þátt í meðferð máls fyrir dómi með þeim undantekningum sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála. Þá getur forseti ákveðið að einn dómari haldi þing til að taka ákvörðun um rekstur máls eða kveða upp dóm. Forseti skal úthluta málum og ákveða hver skuli taka sæti dómsformanns hverju sinni. Við úthlutun máls skal forseti gæta þess að starfsálag dómara verði svo jafnt sem auðið er en eftir föngum skal leitast við að tilviljun ráði hvaða dómari fær mál til meðferðar. Dómara er heimilt að biðjast undan úthlutun máls vegna tengsla við efni þess, aðila, fyrirsvarsmann eða lögmann þótt hann verði ekki talinn vanhæfur til að fara með það, enda sé beiðni hans studd haldbærum rökum og vöð á öðrum dómara við Landsrétt til að fara með málið. Forseti tekur afstöðu til beiðna sem þessara. Ef mál er umfangsmikið getur forseti ákveðið að dómari, sem tekur annars ekki þátt í meðferð þess, hlýði á málflutning og taki sæti í dóminum ef annar dómari forfallast síðar. Þrír dómara skulu taka ákvörðun um áfrýjunarleyfi og um hvort kæra verði tekin til meðferðar og ræður þá meiri hluti atkvæða. Þegar Landsréttur fæst lögum samkvæmt við annað en meðferð máls fyrir dómi taka allir reglulegir dómara þátt í ákvörðun nema mælt sé á annan veg í lögum.

Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórnarsýslustofnun sem annast sameiginlega stjórnarsýslu dómstólanna. Í stjórn dómstólasýslunnar eiga sæti fimm menn sem dómsmálaráðherra skipar. Hlutverk stjórnar dómstólasýslunnar er meðal annars að leggja mat á og gera tillögu til ráðherra um nauðsynlegar fjárveitingar til dómstólasýslunnar, Hæstaréttar og Landsréttar og sameiginlega fjárveitingu til héraðsdómstólanna. Sé vikið frá tillögum dómstólasýslunnar skal ráðherra greina fjárlaganefnd frá ástæðum þess auk þess sem gera skal grein fyrir frávikum í frumvarpi til fjárlaga.

Dómara eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra. Dómsathöfn verður ekki endurskoðuð af öðrum nema með málskoti til æðra dóms. Dómara er skylt að ljúka á eðlilegum tíma þeim málum sem hann fær úthlutað til meðferðar og rækja störf sín af alúð og samvissusemi. Dómara ber að hlíta boði forstöðumanns dómstóls um önnur atriði varðandi störf sín en meðferð og úrlausn máls. Dómurum ber og að hlíta lögætum ákvörðunum dómstólasýslunnar.

Dómurum ber að leitast við að halda við þekkingu sinni í lögum. Þeim skal gefinn kostur á leyfi og stuðningi til endurmenntunar. Dómstólasýslan skal setja nánari reglur þar um.

Dómara er óheimilt að taka að sér önnur störf eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Frá því getur nefnd um dómara störf veitt undanþágu eftir reglum sem hún setur ef ljóst er að slíkt er ekki ósamrýmanlegt stöðu dómara eða leiðir af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi. Þá er dómara óheimilt að taka þátt í starfi annarra félaga eða samtaka sé starfsemi þeirra bersýnilega ósamrýmanleg embættisstörfum hans. Dómari skal tilkynna nefnd um dómara störf um aukastarf áður en hann tekur við því, sem og um hlut sem hann eignast í félagi eða atvinnufyrirtæki. Sama gildir þegar dómari tekur fyrst við embætti. Sé ekki getið í almennum reglum nefndarinnar um heimild til að gegna starfinu eða eiga slíkan hlut skal dómari fyrir fram leita leyfis hennar til þess.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærrí en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu

sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Landsréttur tekur til starfa 1. janúar 2018 og hefur kjararáð því ekki áður tekið ákvörðun um laun dómara við réttinn. Samkvæmt 4. mgr. bráðabirgðaákvæðis IV með lögum um dómstóla nr. 50/2016 var forseti Landsréttar skipaður 1. ágúst 2017 og honum heimilt frá þeim tíma að taka nauðsynlegar ákvarðanir til undirbúnings starfsemi Landsréttar. Aðrir dómara við réttinn eru skipaðir frá 1. janúar 2018.

Kjararáð ákvað héraðsdómurum og hæstaréttardómurum laun og starfskjör þann 17. desember 2015. Samkvæmt ákvörðuninni raðast héraðsdómara í launaflokk 502-140, dómstjórar utan Reykjavíkur í launaflokk 502-141, dómstjórinn í Reykjavík í launaflokk 502-143, hæstaréttardómara í launaflokk 502-147 og forseti Hæstaréttar í launaflokk 502-149. Þá raðast varaforseti Hæstaréttar í launaflokk 502-148 samkvæmt ákvörðun kjararáðs frá 22. júní 2017. Þau sjónarmið og röksemdir sem nefndar ákvarðanir grundvallast á eiga einnig við nú þegar laun dómara við Landsrétt eru ákveðin. Sem fyrr er nauðsynlegt að hafa í huga og taka tillit til þess að dómsvaldið er einn þriggja hornsteinna ríkisvaldsins og veitir löggjafar- og framkvæmdarvaldi nauðsynlegt aðhald. Þá eru sjálfstæðir dómstólar hornsteinar í lýðræðisþjóðfélagi og forsenda réttlátrar málsmeðferðar. Með stofnun Landsréttar verða dómstigin hér á landi þrjú, það er héraðsdómstólar, Landsréttur og Hæstiréttur Íslands. Landsréttur verður áfrýjunardómstóll og er skipað á milli héraðsdómstólanna og Hæstaréttar Íslands. Hæstiréttur verður áfram æðsti dómstóll ríkisins.

Með hliðsjón af framansögðu og að teknu tilliti til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör dómara við Landsrétt skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Mánaðarlaun dómara við Landsrétt skulu vera samkvæmt launaflokki 502-144, nú 1.251.843 krónur. Að auki skal greiða þeim 46 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun varaforseta Landsréttar skulu vera samkvæmt launaflokki 502-145, nú 1.294.693 krónur. Að auki skal greiða honum 46 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forseta Landsréttar skulu vera samkvæmt launaflokki 502-146, nú 1.339.043 krónur. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör dómara við Landsrétt gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015 að undanskildum kafla 4 um endurmenntun. Dómara við Landsrétt eiga annars vegar rétt á námsleyfi á launum til endurmenntunar og hins vegar styrk til starfsmenntunar eins og nánar er kveðið á um í ákvörðun kjararáðs nr. 2015.3.001.

Ríkissjóður skal greiða sem svarar til 0,92% af heildarlaunum hvers dómara í starfsmenntunarsjóð dómara.

Ákvörðun um laun og starfskjör forseta Landsréttar tekur gildi 1. ágúst 2017. Ákvörðun um laun og starfskjör annarra dómara við Landsrétt tekur gildi 1. janúar 2018.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Jakob R. Möller

Óskar Bergsson

Svanhildur Kaaber